

## Jafnréttisáætlun Þjórsárskóla 2018-2020

Jafnréttisáætlunin er gerð í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, ásamt lögum um grunnskóla nr 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla.

Í lögum um grunnskóla og í Aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Áhersla er lögð á rétt beggja kynja til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Öll markmið skólans og starfshættir eru þannig að engin mismunun sé vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, fötlunar, aldurs, búsetu, stéttar og trúarbragða.

Í 18. gr. laga nr. 10/2008 kemur fram að í jafnréttisáætlun sem þessari eigi að koma fram hvernig starfsmönnum eru tryggð réttindi sem kveðið er á um í 19. – 22. gr. laganna, þ.e. launajafnrétti, jafnrétti um laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislega áreitni.

Sem menntastofnun þarf skólin að uppfylla 22. og 23. gr. laganna gagnvart nemendum sínum.

Jafnréttisáætlun þessi nær jafnt til starfsfólks sem nemenda. Hún er í sífældri þróun og verður endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun skólans var tekin upp á starfsmannafundi þann 26. september 2018. Farið var yfir hana lið fyrir lið og starfsfólk beðið um að koma með athugasemdir eða tillögur um breytingar.

### Nemendur

Í 22. grein segir:

*„atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstafi eða skólum.“*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Nemendur fá fræðslu um áreitni og ofbeldi og hvert þau geta leitað ef slíkt kemur upp	Umsjónarkennari, verkefnisstjóri Olweus og hjúkrunarfræðingur	Við skólabyrjun á hverju hausti



Í 23. grein segir m.a. :

*„á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.*

*...kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunad.“*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál	Kennarar gera grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins í kennsluáætlunum	Umsjónarkennarar	Í upphafi haustannar og vorannar
Búa bæði kynin undir jafnan þátt út í samfélagið svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi	Kennarar gæta að þessum þætti í allri umfjöllun í kennslu	Allir kennarar	Allt skólaárið
Kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum	Kennarar skanni námsbækur vetrarins að hausti.	Allir kennarar	Að hausti

## Samstarf heimilis og skóla

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfinu	Hvetja báða foreldra til þess að mæta í foreldraviðtöl og viðburði í skólastarfinu	Umsjónarkennari	Allt skólaárið
Starfsfólk skólans sé meðvitað í samskiptum við foreldra að útiloka ekki annað foreldrið á grundvelli kyns	Starfsfólk gæti að því að hafa samband við báða foreldra vegna barnanna þeirra og skólastarfsins	Allt starfsfólk	Allt skólaárið

Samkvæmt heftinu um **jafnrétti** í ritröð um grunnþætti menntunar „*markmið jafnréttismenntunar er jafnframt að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsum og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis*“

Í Þjórsárskóla eru allir nemendur í ART og reglulegir bekkjarfundir eru haldnir. Skólinn er búin að innleiða Olweus, gegn einelti. Þetta allt á að stuðla að því að nemendur læri að þekkja og tjá eigin tilfinningar og læra að bera virðingu fyrir skoðunum, tilfinningum og lífsgildum annarra. Nemendur eiga að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum. Vinna þarf gegn stöðluðum ímyndum kynjanna og allir kennarar skólans verða að skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttissjónarmiði. Kennarar þurfa að beita fjölbreyttum kennsluháttum þannig að nemendur fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og gildismat fái notið sín. Vinna þarf að því að öllum líði vel í skólanum.

Bekkjargundir eru haldnir að meðaltali einu sinni í viku. Nemendur geta komið sinni skoðun á framfæri og umsjónarkennarar koma því síðan áleiðis til skólastjóra. Nemendur velja fulltrúa í nemendafélagið, umhverfisnefnd og skólaráð.

Umhverfisnefndin heldur fundi einu sinni í viku, skólaráð þrisvar á ári og í nemendafélagið eins oft og nemendur kjósa.

## Starfsfólk

Í 19. grein segir:

*„konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.“*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Gæta þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf	Fara yfir og leiðrétta laun ef mismunur kemur fram	Skólastjóri, Launafulltrúi/sveitastjóri	Í nóvember ár hvert.

Í Þjórsárskóla er frekar litli starfsmanna velta og margir eru með langan starfsaldur hjá sveitafélaginu.

Í 20. grein segir:

*„starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.“*

*...atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstarfanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.“*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf hjá skólanum skulu standa	Við nýráðningar verður	Skólastjóri	Þegar ráðning á sér stað



opin bæði konum og körlum.	leitast við að jafna kynjahlutfallið.		
Tryggja að starfsþjálfun og endurmenntun sé aðgengileg báðum kynjum	Fara yfir óskir starfsfólks um námskeið	Skólastjóri	Í ágúst þegar símenntunar áætlunin er endurskoðuð

Stærsti hluti starfsfólks er í hlutastarf og sinnir öðrum stöfum með vinnu í skólanum. Yfirvinna er að mestu leyti þegar starfsmenn taka forfallakennslu. Í skólanum er vinnuramma kennara fastsettur á hverju hausti.

Í 21. grein segir:

*„atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstarfanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.“*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar nýti sér rétt sinn vegna foreldra/fæðingarorlofs og veikinda barna	Kynna fyrir starfsfólk rétt þeirra	Skólastjóri/ trúnaðarmaður	Á starfsdögum í ágúst
Vinnutími sé fyrirsjáanlegur ásamt því að minna á mikilvægi þess að samhæfa fjölskyldu og atvinnulíf	Kynna kerfi sveigjanleikans fyrir öllu starfsfólki	Skólastjóri	Á starfsdögum í ágúst

Í 22. grein segir:

*„atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstafi eða skólum.“*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
---------	--------	--------	-----------



Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Þjórsárskóla	Fræðsla til starfsfólks auk þess sem unnið er eftir Olweus aðgerðar áætlunni	Skólastjóri/ Verkefnastjóri Olweus	Fræðsla á starfsdögum í ágúst og reglulega á kennarafundum og umræðufundum yfir veturinn.
---	--	---------------------------------------	---

Allt starfsfólk er hvatt til að taka þátt í umræðu um jafnréttismál, til að efla meðvitund starfsfólks um jafnrétti.

Kennara funda vikulega og skrifa fundagerð sem er undirrituð og geymd á kennarastofunni. Aðrir starfsmenn sitja fundi fjórum sinnum á ári og þegar sérstök efni eru tekin fyrir.